



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 8. júlí 2026

Höfundur: Aldís Erna Pálsdóttir

Viðtakandi: Áhugafólk um rjúpnarannsóknir

Málsnúmer: 202601-0056

Efni: Rjúpnatalningar 2026

Rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar vorið 2026 er lokið og voru rjúpur taldar á 21 vegsniði í öllum landshlutum. Vegna snjóalaga fór talning fram síðar en ella á sniðum á Vestfjörðum ásamt Norðaustur- og Austurlandi. Alls sáust 2458 karrar. Talningarnar voru unnar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Austfjarða, Vatnajökulsþjóðgarð, Skotvís og áhugamenn um rjúpur.

Talningarnar sýndu nokkrar breytingar á fjölda rjúpna samanborið við árið 2025 en leitnin var ólík eftir landshlutum (1. mynd). Áberandi aukning var í fjölda rjúpna á Suðurlandi, Norðurlandi vestra, Norðausturlandi og Austurlandi. Á Vestfjörðum og Vesturlandi var fjöldinn svipaður og síðustu ár. Á vissum sniðum var fjöldi rjúpna sá hæsti sem sést hefur frá því að talningar hófust en það á við um Dalina á Vesturlandi, Skaga á Norðurlandi vestra og Bakkafjörð, Tjörnes og Kelduhverfi á Norðausturlandi.

Stofnbreytingar rjúpu 2025 til 2026 voru ólíkar eftir svæðum og landshlutum. Í heildina sáust um 7% fleiri rjúpur í ár en í fyrra. Miðað við stofnvísitölur úr talningum síðustu 20 ára er rjúpnastofninn við meðaltal á Vestur- og Suðurlandi en yfir meðaltali á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi. Talið er líklegt að mikill þéttleiki rjúpna á sumum svæðum tengist fækkun fálka (sjá: [Sterkur rjúpnastofn en fækkun fálka heldur áfram](#)) en niðurstöður úr vöktun fálka 2026 verða birtar á næstunni.


Miðað við fyrirliggjandi gögn, sem ná aftur til seinni hluta 19. aldar, er hefðbundin lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar 10–12 ár en frávik eru tíð. Skipulagðar rjúpnatalningar hófust 1963 og þær sýna að stofninn var í hámarki um allt land vorið 1966, en enginn merkjanlegur toppur var á 8. áratugnum. Aftur voru greinilegir toppar á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Í kjölfar friðunar rjúpunnar 2003 og 2004 óx stofninn og náði hámarki á Norðurlandi eystra vorið 2005 og síðan aftur árin 2010, 2015, 2019 og, að því er virðist, árið 2026 (1. mynd). Stofnbreytingar í öðrum landshlutum hafa verið óreglulegri. Þessar breytingar á lengd stofnsveiflunnar sýna að rótækar breytingar hafa orðið á stofnvistfræði rjúpunnar eftir 2003 og stofnsveiflan, eins og hún var áður þekkt, virðist ekki lengur vera til staðar, hvað sem síðar verður.

Í flestum landshlutum sýna talningar á sniðum svipaða leitni. Vesturland er þó undantekning; þar hefur rjúpum fækkað verulega á Innnesjum og Mosfellsheiði frá fyrri árum, en á sama tíma hefur metfjöldi rjúpna sést á Mýrum og í Dölunum síðust tvö ár.

Talningar á sniðum ásamt veiðitölum og aldursgreiningum sem fara fram að vori og hausti eru notaðar til að áætla stofnstærð í hverjum landshluta og út frá lengd veiðitímabilsins.

Hægt er að skoða gagnaraðir úr vöktun rjúpunnar á [vef Náttúrufræðistofnunar](#).

Nánari upplýsingar veitir Aldís Erna Pálsdóttir, aldis.e.palsdottir@natt.is.



1. mynd. Stöðluð gildi úr niðurstöðum karratalninga á nokkrum vegsniðum í mismunandi landshlutum 1999–2026.